



húsaþyrpingin er við jaðar verndarsvæðisins. Lögin um Mývatn og Laxá eru sérlög, sem eiga að tryggja verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, m.t.t. vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Bann er lagt við því að spilla eða raska lífríki, jarðmyndunum og landslagi á því svæði sem lögin taka til. Vegarlögnin myndi hafa neikvæð áhrif á markmið verndunar varðandi landslag og birkiskóg. Þyrping hárra húsa á jarðri verndarsvæðisins myndi rýra verndargildi þess.